

- 3.2 Ef fundin eru við skoðun óleyfileg vör eða of stór, skal veitunni lokað tafarlaust og verður hún ekki enduropnuð fyrr en notandi hefur greitt gjald til rafveitunnar kr. 236,00 og sett viðeigandi vör.
- 3.3 Sé opnað utan venjulegs vinnutíma skal taka gjald fyrir enduropnun veitunnar kr. 472,00.
- 3.4 Ef launafl nemur 48% eða meira af mesta útteknu raunaflí á ári, miðað við 15 mínútna meðalgildi afls (raunstuðull 0,9) er heimilt að hækka afl og orkugjald um 15%.
- 3.5 Við fassviksjöfnun skal viðhafa raðtengingu (duo-tengingu) eða samhliðatengingu með sperru fyrir 1050 Hz.
- 3.6 Breytist innkaupsverð á raforku er rafveitunefnd heimilt að breyta gjaldskrárlíðum gjaldskrár þessarar til samræmis um allt að 48% af þeirri breytingu. Breytist kaupgjald hjá Rafveitu Hafnarfjarðar frá 1. janúar 1979 hvort heldur er vegna breytingar á grunnkaupi, kaupgjaldsvísitölu eða vegna samninga, er rafveitunefnd heimilt að breyta gjaldskrárlíðum gjaldskrár þessarar til samræmis um allt að $\frac{4}{5}$ af þeirri breytingu.
- 3.7 Sölugjald 23,5% og 19% verðjöfnunargjald til að bæta fjárhag Rafmagnsveita ríkisins og Orkubús Vestfjarða, samtals 42,5% eru innifalin í rafmagnsgjöldum, sem um ræðir í 1. kafla gjaldskrár þessarar, nema í töxtunum D1, D3, D5 og D7.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að taka gildi 1. ágúst 1982, sbr. auglýsingu ráðuneytisins nr. 438/1982 um breytingu á gjaldskrá Rafveitu Hafnarfjarðar. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 307 24. maí 1982.

Iðnaðarráðuneytið, 18. ágúst 1982.

F. h. r.
Páll Flygenring.

Guðrún Skúladóttir.

GJALDSKRÁ

Rafveitu Akraness.

Tafla I. Orku- og aflverð, fastagjöld, mæla- og rofaleiga.

Númer Gjald- skrárl. Heiti gjaldskrárlíða	Orkuverð kr/kWh	Fastar greiðslur í krónum	
		Daggreiðslur	Ársgreiðslur
A-LÝSING			
A.1. Með fastagjaldi	1,86	0,09	31,39/m ²
A.2. Án fastagjalds	4,92		
B-HEIMILISNOTKUN OG FL.			
B.1. Heimilisnotkun	1,40	0,32	116,80/herb.
B.2. Mannvirkjagerð Akraneshöfn	2,85		
C-VÉLANOTKUN			
C.1. Með fastagjaldi	1,86	1,07	390,55
C.2. Með rofi 1½ klst. á dag	1,40		
C.3. Stórnotkun (Afltaxi)	0,46	4,48	1 635,00

Númer Gjald- skrárl. Heiti gjaldskrárlíða	Orkuverð kr/kWh	Fastar greiðslur í krónum	
		Daggreiðslur	Ársgreiðslur
D-HÚSHITUN			
D.1. Án rofs	0,85		
D.2. Með rofi 1 1/2 klst. á dag	0,46		
D.3. Með rofi 2 1/2 klst. á dag	0,42		
D.4. Með rofi 4 1/2 klst. á dag	0,33		
D.5. Með rofi 14 1/2 klst. á dag	0,25		
D.6. Sumarhitun með rofi 3 klst. á dag	0,32		
E-ANNAÐ			
E.1. Sérsmningar			
E.2. Gatna- og hafnarlýsing			6 000,00
E.3. Lokun og endurofnun veitu		240,00	
MÆLA-OG ROFALEIGA			
10 Einfasa		0,26	94,90
11 Einfasa með rofa		1,37	500,00
20 Prífasa		1,01	368,65
21 Prífasa með rofa		2,12	774,00
24 Prífasa með 2 rofum		2,63	960,00
30 Prífasa með aflmæli		1,62	591,00

Ákvæði og skýringar með töflu I.

A. Lýsing.

- A. 1 Til lýsingar, og reiknast fastagjald af stærð húsnæðis í fermetrum. Reikna skal til fastagjalds, aðeins helming gólfplatnar í göngum og geymslum. Í sjúkrahúsum, elliheimilum og vistheimilum fyrir börn skal reikna hálf fermetragjald, en ákvæði þetta nær ekki til starfsmannabústaða þessara stofnana.
- A. 2 Til lýsingar og ýmissa nota, sem ekki verða felld undir aðra liði gjaldskrárinnar.

B. Heimili og vinnuljós.

- B. 1 Til heimilisnota og reiknast fastagjald af hverju herbergi sem ætlað er til íbúðar, og einnig eldhúsi. Herbergi sem er minna en 5 m² reiknast sem hálf. Ef herbergi er stærra en 25 m² skal reikna hverja byrjaða 25 m² sem herbergi.
- B. 2 Til véla og vinnuljósa, fyrir hús sem eru í byggingu, einnig til véla við Akraneshöfn. Eftir þessum lið má einnig selja raforku um tengla við Akraneshöfn. Gjaldið miðast við hverja byrjaða 12 tíma og allt að 40% ástimplaðri flutningsgetu tengla er verða 3×332 A. og 3×50 A. 220 V.

C. Vélar.

- C. 1 Til véla og tækja í iðnaði, verslun og þjónustugreinum. Fastagjald reiknast á hvert kW. í ástimpluðu rafafli fastra vinnuvéla. Eftir þessum lið má einnig selja raforku án fastagjalds til eldunar- og þvottatækja í sjúkrahúsum, elliheimilum, vistheimilum fyrir börn og gisti- og veitingahúsa.
- C. 2 Til véla í matvælaíðnaði, þar sem uppsett afl fastra vinnuvéla er yfir 40 kW. og árlegur nýtingartími eigi skemmri en 1200 klst. á hvert uppsett kW þeirra. Rafveitan áskilur sér rétt til að rjúfa strauminn í allt að 1 1/2 klst. á dag á tíma mesta álags. Eftir þessum lið má einnig selja raforku til rafsuðu málma.
- C. 3 Til atvinnutækja með meira en 40 kW ársafl. Gjaldstofn fastagjalds er aflúttak í kílóvöttum. Ársafl reiknast hæsta meðalafli í 15 mín.

D. Hitun.

- D. 3 Eftir þessum lið má einnig selja raforku með blönduðu rofi, þannig að hluti notkunar sé rofinn í 14½ klst. á sólarhring, en á móti sé a. m. k. jafn mikið afl órofið.
- D. 6 Fyrir notkun sem eingöngu fer fram á tímabilinu frá 1. maí til 15. okt. ár hvert. Einnig má selja eftir þessum lið orku sem rafveitunni er heimilt að rjúfa að vild.

E. Annað.

- E. 1 Ef sérstaklega stendur á getur notandi leitað eftir sérstökum samningi um raforku-kaup. Rafveitustjóra er heimilt að leyfa tengingu einstakra tækja við kerfi rafveitunnar án mælis, um stundarsakir, að því tilskildu að greiðsla komi fyrir í samræmi við áætlaða notkun tækisins.
- E. 2 Bæjarstjórn ákveður greiðslur fyrir gatna- og hafnarlýsingu að fengnu áliti rafveitunefndar.
- E. 3 Hafi gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari ekki verið greidd svo að til lokunnar veitu hafi komið, skal taka gjald fyrir endurofnun samkvæmt þessum lið. Ef við skoðun finnast óleyfileg eða of stór vör í veitu skal henni lokað tafarlaust og ekki má opna hana aftur fyrr en úr hefur verið bætt og gjald samkvæmt þessum lið greitt á skrifstofu rafveitunnar.

Öll sala raforku til hitunar er háð ákvörðun rafveitustjóra og rafveitunefndar m. a. með tilliti til:

- Að raforka sé aflögu vegna almennrar notkunar (forgangsorka).
- Að vélaafl, spennar og rafstrengir þoli álagið.
- Verðlags og hagkvæmni slíkrar sölu og miðast verðið við útsöluverð diselolíu á hverjum tíma.
- Að straumur sé rofinn á tilskildum tíma með sjálfvirkum búnaði og kosti notandinn tengingu slíks búnaðar og greiði leigu af honum.
- Að tæki, lagnir og allur hitabúnaður sé samkvæmt fyrir mælum rafveitunnar og settum reglum. Ofnar séu fasttengdir, hafi rofa og hitastilla.
- Að notkun sé eigi minni en 6000 kWst. á ári. Undanþegin þessu ákvæði er liður D. 1. Ef notkun er minni en rafveitunni heimilt að krefjast gjalds fyrir 6000 kWst. á ári, eða færa notkunina yfir á lið D. 1.
- Að notendur fái skriflegt leyfi (hitaleyfi) fyrir slíka notkun. Ef tvö ár líða frá útgáfu hitaleyfis, en notkun ekki hafin, fellur leyfið úr gildi.

Mæla- og rofaleiga.

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð mælitækja og klukkurofa, sem nota skal fyrir hverja veitu, og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notandann. Ef raunstuðull á mælistað verður lægri en 0,9 miðað við 15 mínútna meðalgildi afls, er rafveitunni heimilt að miða við voltamper (VA). Við fasviksjöfnun skal viðhafa raðtengingu (duo-tengingu) eða samhliða-tengingu með sperru fyrir 1050 Hz.

Tafla 2. Tenging við veitukerfið (heimtaugar).

Gjaldskrárlíður nr.	Málstraumur aðalvara		Flutningsgeta miðuð við stærð aðalvara KV.a.	Tengigjald jarðstrengsh. allt að 15 m eða loftlh. allt að 30 m. kr
	220 V. kerfi Amp.	380 V. kerfi Amp.		
2.01	2×35	1×35	7	3 840,00
2.02	2×60	1×60	13	4 609,00
2.03	3×60		22	5 758,00
2.04	3×100	3×60	38	7 801,00

Gjaldskrárliður nr.	Málstraumur aðalvara		Flutningsgeta miðuð við stærð aðalvara kVa.	Tengigjald jarðstrengsh. allt að 15 m eða loftlh. allt að 30 m. kr
	220 V. kerfi Amp.	380 V. kerfi Amp.		
2.05		3×100	66	11 379,00
2.06	2×200		76	12 653,00
2.07	3×350	3×200	132	19 807,00
2.08		3×350	231	32 456,00
2.09	Bráðabirgðaheimt. 1×35 Amp.			1 426,00
2.10	Bráðabirgðaheimt. 3×35 Amp.			2 850,00
2.11	Bráðabirgðaheimt. 3×60 Amp.			4 887,00
2.12	Tenging við Akraneshöfn			183,00

Tafla 3. Tenging við veitukerfið (spennistöð).

Gjaldskrárliður nr.	Stærð spennis kVa.	Tengigjald kr.
3.01	150	26 400,00
3.02	300	49 400,00
3.03	500	79 980,00
3.04	600	95 270,00
3.05	800	125 860,00

Ákvæði og skýringar með töflu 2 og 3.

- Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð heimtaugar eða spennistöðvar fyrir húsveitu.
- Lengd heimtaugar reiknast frá lóðarmörkum við stíg eða götu stystu greiðfæra leið að varkassa eða töflu. Yfirlengdargjald jarðstrengs reiknast á hvern metra umfram fyrstu 15 m. þannig: $Y_j = (174,00 + 0,17 \times kVA)$ kr/m og yfirlengd loftlínu umfram fyrstu 30 metrana $Y_j = (116,50 + 0,12 \times kVA)$ kr/m að viðbættum kr. 2 065,00 á hvern stólpa í umframlínu.
- Óski húseigandi eftir að flutningsgeta heimtaugar verði aukin skal greiða fullt gjald fyrir hina nýju heimtaug að frádregnu hálfu gjaldi hinnar fyrri, hvorutveggja miðað við gildandi gjaldskrá, þegar breytingin er gerð. Húseigandi skal kosta breytingar á stofntaug innanhúss, sem þessu kann að vera samfara og taka á sig annan kostnað er af þessu leiðir.
- Tengigjald samkvæmt töflu 3 skal reikna þegar spennistöð er byggð að mestu eða öllu leyti í þágu eins notanda. Skal notandi leggja til lóð eða húsnæði fyrir stöðina, eftir því sem hagkvæmara þykir að dómi rafveitustjóra. Húsnæðið skal fullnægja öllum kröfum um gerð spennistöðvarhúsa. Kostnaður notanda við gerð húsnæðis kemur til frádráttar tengigjaldi. Þó aldrei meir en tengigjaldi nemur.
- Þessi gjaldskrá tengigjalda gildir í skipulögðum hverfum innan Akraneskaupstaðar. Í óskipulögðum hverfum greiðist tengigjald samkvæmt kostnaði. Tengigjald fellur í gjalddaga þegar setningu heimtaugar eða byggingu spennistöðvar er lokið.

Ýmis ákvæði.

Hækki inkaupsverð á raforku er rafveitunefnd heimilt að hækka gjaldskrá þessa um allt að 60% af þeirri hækkun. Breyting og hækkun gjaldskrár samkvæmt ofanrituðu, er því aðeins gild að komi til samþykki iðnaðarráðuneytisins.

Sölugjald 23,5% og verðjöfnunargjald 19% samkvæmt lögum, eru innifalin í rafmagnsgjöldum samkvæmt töflu 1 í gjaldskrá þessari, nema á liðum D (húshitun), sem eru undanþegnir gjöldum þessum.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 staðfestist hér með til að taka gildi 1. ágúst 1982, sbr. auglýsingu ráðuneytisins nr. 438/1982 um breytingu á gjaldskrá rafveitna, og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 308 24. maí. 1982.

Iðnaðarráðuneytið, 18. ágúst 1982.

F.h.r.

Páll Flygenring.

Guðrún Skúladóttir.

Nr. 518

18. ágúst 1982.

GJALDSKRÁ

Rafveitu Borgarness.

Í gjaldskrá þessari eru taxtar reiknaðir í gjaldstigum, g.
Frá og með 1. ágúst 1982 er verðgildi gjaldstigs: 1 g = 1,30 kr.

Skammstafanir:

kw = kílóvatt = afl, h = klukkustund, kwh = kílóvattstund orka, d = dagur, a = ár = 365 d, g = gjaldstig, kr. = krónur.

I. KAFLI

RAFMAGNSSALA.

Gjaldskrárlíður	Orkuverð		Aflverð og fastagjöld	
	g/kwh	kr/kwh	Ársgreiðslur	
			g/a	kr/a
A1 (Lýsing)	1	1,30	30	39,00 á fermetra, skilyrt notk.
A2	2	2,60		lágmark 1200 kwh/a
A3	3	3,90		
B1 (Heimili)	1	1,30	180	234,00 á herbergi, skilyrt notk.
C1 (Vélar)	1	1,30	600	782,00 á kw, ástimpluð
C2	0,3	0,39	1600	2 086,00 á árskilóvatt
	g/kwh	kr/kwh		kr/kwh
D1 Húshitun	0,603	0,78		Án rofs, 1,12 til annarra nota
D2 —	0,336	0,44	Rof 1,5 h/d	0,63 til annarra nota
D3 —	0,316	0,41	Rof 2,5 h/d	0,58 til annarra nota
D4 —	0,257	0,33	Rof 4,5 h/d	0,47 til annarra nota
D5 —	0,178	0,23	Rof 14,6 h/d	0,33 til annarra nota

Til annarra nota en húshitunar bætist verðjöfnunar- og sölugjald við taxta D1—5, samtals 42.5%.

E. Sérákvæði um rafmagnssölu.

Þegar sérstaklega stendur á, er rafveitustjóra heimilt, að tilskildu samþykki rafveitunefndar, að selja rafmagn eftir sérstökum samningi í hvert skipti, þó eigi lengur en til tveggja ára í senn. Undir þennan lið fellur raforka til götu- og hafnarlýsingar, með lágmarksgjaldi 1,3 g/kwh, sem jafngildir nú 0,60 g/kwh.

Raforka til vinnulagna fellur undir taxta A3.